

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/1263****2021/EES/71/32****frá 20. september 2018****um eyðublöð fyrir veitendur bögglaútburðarþjónustu til að leggja fram upplýsingar samkvæmt reglugerð
Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/644 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/644 frá 18. apríl 2018 um bögglaútburðarþjónustu yfir landamæri ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 4. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (ESB) 2018/644 er mælt fyrir um sértæk ákvæði til að stuðla að bættri bögglaútburðarþjónustu yfir landamæri til viðbótar við ákvæðin sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB ⁽²⁾. Þessi ákvæði varða einkum lögboðið eftirlit í tengslum við bögglaútburðarþjónustu og gagnsæi gjaldskráa fyrir tiltekna bögglaútburðarþjónustu yfir landamæri.
- 2) Með reglugerð (ESB) 2018/644 er þess krafist að veitendur bögglaútburðarþjónustu leggi fyrir eftirlitsyfirvaldið, í því aðildarríki þar sem þeir hafa staðfestu, upplýsingar um sig sjálfa með því að nota eyðublað sem framkvæmdastjórnin gefur út.
- 3) Í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/644 er þess krafist að veitendur bögglaútburðarþjónustu leggi aðeins einu sinni fram upplýsingar um sig sjálfa og að þeir tilkynni eftirlitsyfirvaldinu í hverju aðildarríki fyrir sig um hvers konar breytingar á þeim upplýsingum innan 30 daga. Í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/644 er þess krafist að ár hvert séu lagðar fram upplýsingar um starfsemi veitanda bögglaútburðarþjónustu. Því er viðeigandi að gefa út tvö mismunandi eyðublöð til að leggja fram þessar upplýsingar.
- 4) Til þess að koma í veg fyrir tvítalningu böggla ættu veitendur bögglaútburðarþjónustu, þegar þeir veita upplýsingar um fjölda böggla og veltu í tengslum við böggla sem hafa verið meðhöndlaðir á næstliðnu almanaksári, tilgreina hvort samið hafi verið um bögglaútburðarþjónustuna við sendandann eða hvort þjónustan hafi verið veitt fyrir hönd annars veitanda bögglaútburðarþjónustu. Afhendingin ætti einnig að fela í sér upplýsingar um hvort böggglarnir séu sendir til eða móttæknir frá ákvörðunarstöðum innan eða utan Sambandsins þar sem þetta mun hafa áhrif á þau þrep pósthúsburðarkeðjunnar sem sá veitandi annast.
- 5) Að því gefnu að eftirlitsyfirvald í hverju aðildarríki fyrir sig eigi að annast vinnslu á umbeðnum upplýsingum og í ljósi sérfræðipækningar þessara yfirvalda hafa eyðublöðin verið samin í náinni samvinnu við evrópskan hóp eftirlitsaðila með pósthjónustu.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 21. gr. tilskipunar 97/67/EB,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eyðublöðin, til að leggja fram upplýsingarnar sem um getur í 1. og 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/644, eru sett fram í I. og II. viðauka við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 238, 21.9.2018, bls. 65. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 246/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á XI. viðauka (Rafraen fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 112, 2.5.2018, bls. 19.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB frá 15. desember 1997 um sameiginlegar reglur varðandi þróun innri markaðar Bandalagsins á sviði pósthjónustu og umbætur á þeirri þjónustu (Stjútíð. EB L 15, 21.1.1998, bls. 14).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. september 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. viðauki

Eyðublað til að leggja fram upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/644 ⁽¹⁾						
Tafla 1. Upplýsingar um veitanda bögglaútburðarþjónustu						
Heiti						
Réttarstaða og -form						
Skráningarnúmer í fyrirtækjaskrá eða svipaðri skrá						
Virðisaukaskattsnúmer						
Heimilisfang fyrirtækis						
Ef við á, heiti hóps eða sérleyfiskerfi veitanda bögglaútburðarþjónustu sem veitandi bögglaútburðarþjónustu tilheyrir.						
Dagur sem upplýsingar eru lagðar fram						
Tafla 2. Samskiptaupplýsingar tengiliðar						
Eiginnafn og kenninafn						
Starfsheiti						
Tölvupóstfang						
Símanúmer						
Tafla 3. Tegund þeirrar bögglaútburðarþjónustu sem veitt er ⁽²⁾.						
Þrep í póstburðarkeðjunni						
Tollafgreiðsla	Flokkun	Flutningar	Dreifing	Innan gildissviðs almennrar þjónustukvaðar (USO) ⁽³⁾	Utan gildissviðs almennrar þjónustukvaðar	Skýringar/ athugasemdir
Tafla 4. Nákvæm lýsing á þeirri bögglaútburðarþjónustu sem veitt er ⁽⁴⁾.						
Tafla 5. Almennir skilmálar og skilyrði fyrir bögglaútburðarþjónustu ⁽⁵⁾.						
Tengill (tenglar):						

(1) Í samræmi við 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/644 er eftirlitsyfirvöldum í hverju aðildarríki fyrir sig heimilt að setja fram kröfur um upplýsingar til viðbótar við kröfurnar sem um getur í 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar. Krafa um að leggja fram upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/644, fellur undir 6. og 7. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar.

(2) Haka skal í reitina sem svara til þeirrar þjónustu sem veitt er. Ekki skal haka í reitinn ef undirverktaki veitir þjónustuna.

(3) Alþjónustuskylda.

(4) Veita skal þessar upplýsingar, ef mögulegt er, og tilgreina hvort virðisauki sé veittur.

(5) Láta skal afrit af viðeigandi skjölum fylgja með sem viðauka við þetta eyðublað. Einnig skal veita nánari upplýsingar um meðferð kærumála fyrir notendur og allar mögulegar takmarkanir á bótaábyrgð. Ef viðeigandi skjöl eru aðgengileg á netinu skal tilgreina tengilinn (tenglana).

II. VIÐAUKI

Eyðublað til að leggja fram upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/644 ⁽¹⁾	
Heiti veitanda bögglaútburðarþjónustu	
Skráningarnúmer í fyrirtækjaskrá eða svipaðri skrá	
Dagur sem upplýsingar eru lagðar fram ⁽²⁾	
Nafn tengiliðar	
Árið sem upplýsingar eru lagðar fram	

Tafla 1. Fjöldi ⁽³⁾ böggla sem voru meðhöndlaðir á næstliðnu almanaksári og ársvelta í bögglaútburðarþjónustu fyrir næstliðið almanaksár ⁽⁴⁾ í aðildarríkinu þar sem veitandi bögglaútburðarþjónustu hefur staðfestu ⁽⁵⁾ .				
Tafla 1.1. Bögglaútburðarþjónusta í hverju aðildarríki				
	Eining	Samið við sendanda	Meðhöndlun fyrir hönd annars veitanda	Athugasemdir
Fjöldi böggla ⁽⁶⁾				
Velta í bögglaútburðarþjónustu ⁽⁷⁾				
Tafla 1.2. Innsendur böggla útburðarþjónustu yfir landamæri (innan og utan Sambandsins/Evrópska efnahagssvæðisins (EES))				
	Eining	Samið við sendanda	Meðhöndlun fyrir hönd annars veitanda	Athugasemdir
Heildarfjöldi innsendra böggla ⁽¹⁾				
þar af fjöldi innsendra böggla frá svæðum <u>INNAN</u> Sambandsins/EES ⁽¹⁾				
þar af fjöldi innsendra böggla frá svæðum <u>UTAN</u> Sambandsins/EES ⁽¹⁾				
Velta í útburðarþjónustu innsendra böggla ⁽²⁾				
þar af velta í útburðarþjónustu innsendra böggla frá svæðum <u>INNAN</u> Sambandsins/EES ⁽²⁾				
þar af velta í útburðarþjónustu innsendra böggla frá svæðum <u>UTAN</u> Sambandsins/EES ⁽²⁾				
Tafla 1.3. Útsendur böggla útburðarþjónustu yfir landamæri (innan og utan Sambandsins/EES)				
	Eining	Samið við sendanda	Meðhöndlun fyrir hönd annars veitanda	Athugasemdir
Fjöldi böggla ⁽¹⁾				
þar af fjöldi útsendra böggla til svæða <u>INNAN</u> Sambandsins/EES ⁽¹⁾				

Þar af fjöldi útsendra böggla til svæða <u>UTAN</u> Sambandsins/EES ⁽¹⁾				
Heildarvelta í útburðarþjónustu útsendra böggla ⁽²⁾				
Þar af velta í útburðarþjónustu útsendra böggla til svæða <u>INNAN</u> Sambandsins/EES ⁽²⁾				
Þar af velta í útburðarþjónustu útsendra böggla til svæða <u>UTAN</u> Sambandsins/EES ⁽²⁾				

Tafla 2. Fjöldi einstaklinga sem störfuðu hjá veitanda bögglaútburðarþjónustu á næstliðnu almanaksári og tóku þátt í veitingu bögglaútburðarþjónustu í því aðildarríki þar sem veitandinn hefur staðfestu.

	30/06/20XX	31/12/20XX	Athugasemdir
Fullt starf			
Hlutastarf			
Tímabundið starf Starfsmenn			
Sjálfstætt starfandi einstaklingur			
SAMTALS			

Tafla 3. Upplýsingar varðandi tegund bögglaútburðarþjónustu sem undirverktakar hjá veitendum bögglaútburðarþjónustu veita ⁽⁸⁾

	Heiti undirverktaka	Tollafgreiðsla	Flokkun	Flutningar	Dreifing	Athugasemdir
Heildarfjöldi undirverktaka ⁽⁹⁾						
Undirverktaki 1 ⁽¹⁰⁾						
Undirverktaki 2 ⁽⁵⁾						
Undirverktaki 3 ⁽⁵⁾						
Undirverktaki 4 ⁽⁵⁾						
Undirverktaki 5 ⁽⁵⁾						

Tafla 4. Heiti undirverktaka hjá veitendum bögglaútburðarþjónustu ⁽¹¹⁾		
Númeraröð undirverktaka	Heiti undirverktaka	Athugasemdir
(...) ⁽¹²⁾	(...)	
Tafla 5. Allar verðskrár sem eru aðgengilegar almenningi og gilda 1. janúar hvert almanaksár um bögglaútburðarþjónustu ⁽¹³⁾		
Skrá fylgir með sem viðauki		
Tengill (tenglar):		

(1) Í samræmi við 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/644 er eftirlitsyfirvöldum í hverju aðildarríki fyrir sig heimilt að setja fram kröfur um upplýsingar til viðbótar við kröfurnar sem um getur í 3. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar. Krafan um að leggja fram upplýsingarnar, sem um getur í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/644, fellur undir 6. og 7. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar.

(2) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. á að leggja fram eyðublaðið eigi síðar en 30. júní hvert almanaksár.

(3) Telja skal með sendingar á formi staðlaðra böggla og vörusendinga sem eru meðhöndluð í pósthúsburðarkeðjunni sem bréfaþóstur.

(4) Ef upplýsingarnar, sem eru veittar, eru byggðar á mati skal lýsa á hvaða grunni þær byggjast.

(5) Veita skal upplýsingar um raunverulega bögglaútburðarþjónustu sem fyrirtæki veitti í aðildarríki á næstliðnu ár (sem um getur hér að framan sem „árið sem upplýsingarnar eru lagðar fram“).

(6) Tilgreina skal fjöldann í þúsundum (1 000).

(7) Tilgreina skal fjárhæðina í þúsundum í gjaldmiðli hvers aðildarríkis, að virðisaukaskatti undanskildum.

(8) Meta skal áætlaðan fjölda undirverktaka sem veita hvers konar þjónustu innan pósthúsburðarkeðjunnar.

(9) Tilgreina skal fjölda undirverktaka sem eru hluti af hverju viðeigandi þrepi (samanlagður fjöldi gæti farið yfir heildarfjölda undirverktaka þar sem sumir undirverktakanna kunna að veita þjónustu á ýmsum þrepum).

(10) Tilgreina skal heiti fimm stærstu undirverktakanna og hvaða þrep útburðarkeðjunnar þeir annast.

(11) Veita skal upplýsingar um undirverktaka á næstliðnu almanaksári.

(12) Veita skal upplýsingar annaðhvort milliliðalaust í töflunni eða skjal skal fylgja þessu eyðublaði með skrá yfir undirverktakana.

(13) Skráin skal fylgja með þessu eyðublaði og, ef skráin er tiltæk á netinu, skal tilgreina tengilinn (tenglana).